

Alþingi
Erindi nr. D 139/971
komudagur 14.12.2010

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Alþingi
Efnahags – og skattanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2010

Varðar: frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar), þskj. 353-300. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja vilja koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri varðandi framangreint frumvarp.

Sjúkdómatryggingar

Sjúkdómatryggingar eru tiltölulega nýlegt form trygginga sem er ætlað að tryggja sjúklingnum fjármagn til að takast á við breyttar forsendur í lífi sínu í kjölfar alvarlegra veikinda¹ og standa straum af nauðsynlegum kostnaði t.d. greiða fyrir lyfjakostnað, stoðtækjakaup, ferðalög á milli landshluta eða landa vegna læknismeðferðar eða breytingar og aðlaganir á húsnæði.

Bætur úr sjúkdómatryggingu eru eingreiðslubætur og vátryggingin er höfuðstólstrygging sem er ekki hugsuð sem trygging gegn fjárhagslegu tjóni líkt og t.d. sjúkratrygging eða slysatrygging. Sjúkdómatryggingum er ætlað að bæta aukinn kostnað vegna beinna afleiðinga veikinda eða miska sem hlýst af vátryggingaatburði.

Eftirfarandi skilgreining á sjúkdómatryggingu í orðasafninu Dictionary of Insurance, 2. útg. 2004 (útgefandi Pearson Education), gefur enn fremur glögga vísbendingu um eðli og inntak vátryggingarinnar og hversu náin hún er líftryggingum. Skilgreiningin er svo hljóðandi:

„Critical illness policy Pays out a tax-free lump sum if, during the policy term, the insured is diagnosed with any of a range of serious conditions such as cancer, heart disease, strokes and multiple sclerosis. Even when diagnosed, the insured may live for some time so necessitating the need for financial protection while undergoing treatment and recuperation. The policy can stand alone or be added to a whole life, endowment or term insurance.“

¹ Veikindi sem falla undir trygginguna eru t.d. krabbamein, heilablóðfall, hjartaáfall, blinda, greining á MS eða MND og missir tveggja eða fleiri útlíma.

Á enskri tungu eru þessar tryggingar einnig nefndar „Living insurance“ og vísar þá til þess að um er að ræða eins konar líftryggingu í lifanda lífi.

2. tölul. 28. gr. 1. nr. 90/2003 um tekjuskatt

Í 28. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt er að finna undanþágu frá ákvæðum II. kafla laganna um skattskyldar tekjur.² Í 2. tl. 28. gr. segir:

28. gr. Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:

2. Eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu.

Frá því farið var að bjóða sjúkdómatryggingar hér á landi um miðjan síðasta áratug hefur framkvæmd söluaðila slíkra trygginga og skattstjóra verið þannig að litið hefur verið á bæturnar sem skattfrjálsar og fjöldi fólks fengið greiddar bætur á þeim forsendum. Litið hefur verið svo á að tryggingarbætur greiddar úr sjúkdómatryggingum falli undir 2. tl. 28. gr. tekjuskattslaganna. Rétt er að benda á að ekki eru þekkt nokkur dæmi þess að skattyfirvöld hafi talið umræddar bætur til skattskyldra tekna fyrir en með úrskurði Skattstjóra Reykjanesumdæmis sem staðfestur var með úrskurði Yfirskattanefndar nr. 90/2009 og dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 7. júlí 2010, en þá varð eins og kunnugt er breyting á þessari framkvæmd.

Bætur úr sjúkdómatryggingum eru eingreiðslubætur, greiddar út við nánar tiltekinn atburð, sem í eðli sínu eru nátengdar líftryggingafé. Enginn eðlismunur er á sjúkdóma- og líftryggingum nema að líftrygging greiðist út við andlát en sjúkdómatrygging við nánar tilgreindan sjúkdóm. Í öllum tilvikum er um að ræða alvarlega og illvíga sjúkdóma sem hafa mikil áhrif á líf sjúklings það sem hann á eftir ólifað. Vátryggingin telst til svokallaðra heilsutrygginga og miðað er við að vátryggingarsamningur sé gerður til langs tíma og hann er óuppsegjanlegur af hálfu félagsins. Af þessum sökum hefur sjúkdómatrygging staðið mjög nærri líftryggingum og í vátryggingastarfsemi verið talin í greinaflokki líftrygginga, sbr. 22. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi. Auk þess sem sjúkdómatryggingar (heilsutryggingar án uppsagnarréttar) flokkast sem líftryggingar í skilningi laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga, sbr. 3. mgr. 61. gr. þeirra laga.³

Bætur greiddar úr sjúkdómatryggingu eru bætur fyrir miska sem hlýst af því að greinast með sjúkdóm. Bætur fyrir miska eru til þess fallnar að vera greiðsla fyrir ýmsar afleiðingar líkamstjóns, sem ekki verða beinlínis taldar fjárhagslegar.

² Í 2.tl. 7.gr. A kemur fram að til skattskyldra tekna skuli telja tryggingabætur, meðlög og styrki auk skaðabóta og vátryggingafés vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og vátryggingabætur, sbr. þó 2. tölul. 28. gr.

³ Orðalag í lögnum: Þegar rætt er um líftryggingu í þessum hluta laganna er einnig átt við heilsutryggingu án uppsagnarréttar nema annað sé tekið fram.

Sé litið til langrar og stöðugar framkvæmdar 7. og 28. gr. tekjuskattslaganna er ljóst að skilin milli þess hvort váttryggingabætur vegna líkamstjóns séu skattfrjálsar hafa ráðist af því hvort bæturnar eru ákveðnar í einu lagi til greiðslu eða ekki, sbr. orðalag 2. tl. 28. gr. og ennfremur athugasemdir með lögum nr. 40/1987 um tekjuskatt og eignaskatt þar sem segir m.a.

2. tl. felur í sér skýrari ákvæði en B-liður 10. gr. laganna, um skilyrði þess að greiðslur líftryggingafjár, dánarbóta, miskabóta, og bóta fyrir varanlega örorku teljist ekki til tekna, séu þær ákveðnar til greiðslu í einu lagi....

Af þessu má ráða að það að bæturnar séu ákveðnar til greiðslu í einu lagi hafi verið lagt til grundvallar við ákvörðun á því hvaða bætur skuli ekki vera tekjuskattskyldar samkvæmt lögnum. Sömu sjónarmið eiga því við um bætur greiddar úr sjúkdómatryggingum og þær bætur sem taldar eru upp í 2. tl. 28. gr. tekjuskattslaga.

Hefur samkvæmt öllu framangreindu verið litið svo á að bætur úr sjúkdómatryggingum séu ekki tekjuskattskyldar og falli undir undantekningu 2. tl. 28. gr. tekjuskattslaga. Enda uppfylla sjúkdómatryggingar sömu skilyrði og eru eðlislíkar þeim bótum sem taldar eru upp í 2. tl. 28. gr. tekjuskattslaga.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja rétt og eðlileg að eignauki sem verður vegna greiðslu váttryggingarfjárhæðar úr sjúkdómatryggingu njóti sömu skattalegu meðferðar og greiðsla líftryggingarfjár.

Athugasemdir við frumvarp

Sem dæmi um lönd þar sem bætur úr sjúkdómatryggingum eru ekki skattskyldar má nefna, Noreg, Svíþjóð, Danmörku, Bretland, Slóvakíu, Slóveníu, Tékkland, Þýskaland, Holland, Portúgal, Ísrael og Kanada. Enda felst það í skilgreiningu á orðinu sjúkdómatrygging að um er að ræða skattfrjálsar bætur eins og áður hefur komið fram. Ákveðinn misskilningur hefur komið fram í umræðunni um að með sjúkdómatryggingum sé verið að koma á tvöföldu heilbrigðiskerfi. Eins og fram hefur komið þá er sjúkdómatryggingu ætlað að bæta miska í kjölfar veikinda eða slyss, en bæturnar eru ekki ætlaðar til að bæta tekjutap. Er því í raun verið að bæta tjón sem almannatryggingakerfið bætir ekki.

Þá er sjúkdómatrygging ólík t.d. bótum úr sjúkrasjóðum sem er ætlað að bæta tekjutap vegna veikinda. Vinnuveitandi greiðir ákveðið hlutfalla af launum í sjúkrasjóð stéttafélags viðkomandi launþega og er sú greiðsla ekki tekjuskattskyld. Það er ekki fyrr en greiddar eru bætur út úr sjúkrasjóðnum að tekjuskattur er greiddur af bótunum. Það er því ekki um tvísköttun að ræða.

Iðgjöld vegna sjúkdómatrygginga eru hins vegar greidd af fé sem þegar hefur verið skattlagt og væri því um að ræða tvísköttun ef niðurstaðan yrði sú að bætur úr sjúkdómatryggingu skyldu skattlagðar við útgreiðslu.

Árið 2009 voru í gildi rúmlega 44.000 sjúkdómatryggingaskírteini og 42.000 árið 2010. Undir hverju skírteini geta verið fleiri en einn váttryggingataki og aldursdreifing skírteinishafa er allt frá 18 ára til 70 ára, þó flestir séu á aldrinum 25-40. Af þessum mikla fjölda skírteinishafa og aldursdreifingu er ljóst að fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins hefur séð sér hag í að kaupa sjúkdómatryggingu, en ekki útvalinn hópur efnaðs fólk, enda eru tryggingarnar ekki dýrar. Frá því farið var að selja slíkar tryggingar hér á landi hefur aldrei svo vitað sé verið greiddur skattar af útgreiddum bótum. Með því að staðfesta þá framkvæmd sem verið hefur síðan fyrst var farið að selja sjúkdómatryggingar hér á landi, að tryggingarbæturnar séu skattfrjálssar, er ríkið því ekki að verða af neinum skatttekjum.

Ennfremur er það ljóst að verði niðurstaðan sú að bætur úr sjúkdómatryggingum skuli skattlagðar myndi sala slíkra trygginga að öllum líkindum leggjast af í þeirri mynd sem þær þekkjast í dag. Ef frumvarpið verður samþykkt í óbreyttri mynd er því ljóst að hugsanlegar skatttekjur fyrir ríkið af skattlagningu bóta úr sjúkdómatryggingum verða mjög litlar og myndu koma úr vasa þeirra sem eiga um sárt að binda og ríkið ætti síst að sækja tekjur sínar til.

Velferðarrök mæla einnig með því að ekki sé tekin tekjuskattur af bótagreiðslum úr sjúkdómatryggingum. Verði bætur úr sjúkdómatryggingum skattlagðar eða sjúkdómatryggingar leggjast alveg af má reikna með því að meira verði sótt í bætur úr félagslega kerfinu en ella.

Breytingartillaga

Með vísan til langrar framkvæmdar yfirvalda, eðlis viðkomandi trygginga, útgreiðslufyrirkomulags bótanna, samræmisskýringu við lög um váttryggingasamninga, velferðarraka og framkvæmda í nágrannaríkjum telja SFF að mikilvægt sé að tryggja það að bætur greiddar úr sjúkdómatryggingum séu ekki skattskyldar til framtíðar og leggja því til eftirfarandi breytingu á 2. tl. 28. gr. tekjuskattslaga.


Á eftir orðinu „líftryggingafjár“ í 2. tl. 28. gr. laganna, kemur orðið „sjúkdómatryggingafjár“.

Orðast greinin þá svo:

Eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, sjúkdómatryggingafjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu. Einnig skaðabætur og váttryggingabætur vegna tjóns á eignum sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, sbr. þó 22. gr. Lækka skal stofnverð eignar vegna tjónsins að svo miklu leyti sem bótagreiðslum er ekki varið til viðgerða vegna tjónsins.

SFF eru tilbúin að funda með efnahags- og skattanefnd til að fara yfir þetta mál ef frekari skýringa er óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur